



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Greining á efnahagslegum ójöfnuði

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands sem barst frá mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði, dags. þann 15. september 2022, um efnahagslegan ójöfnuð. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hefur verið ráðist í greiningu á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík? Hefur verið greint hvort hann hafi aukist eða minnkað á síðustu tíu árum? Hefur verið greint hvað borgin geti gert til þess að stuðla að meiri jöfnuði? Efnahagslegur ójöfnuður hefur tengsl við margar slæmar félagslegar afleiðingar og viðheldur fátækt að stóru leyti. Þess vegna er mikilvægt að við vitum hvort að borgin hafi fylgst með ójöfnuði innan borgarmarka. Ef að úttektir eða skýrslur hafa verið gerðar er óskað eftir því að þær fylgi með í svarinu. Jafnframt er óskað eftir því að aðgerðaráætlanir og aðgerðir sem kunna að hafa verið framkvæmdar verði settar fram með svarbréfinu.“

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur ekki ráðist í greiningar á efnahagslegum ójöfnuði í Reykjavík né greiningu á hvað borgin geti gert til þess að stuðla að jöfnuði. Engar skýrslur eru því til með slíkum úttektum. Fjármála- og áhættustýringarsvið býr ekki yfir upplýsingum um hvort önnur svið Reykjavíkurborgar hafi ráðist í aðgerðir eða gerð aðgerðaráætlana af einhverju tagi sem tengist þessari fyrirspurn.

Virðingarfyllst,
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri
Fjármála- og áhættustýringarsvið